

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Þernunesi Þernunes



Dags eftirlits	1.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð Þernunesi	Eftirlitsmaður	
Heimili	Sorpstöð Fjarðarbyggðar	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4706982099	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Marinó Stefánsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	741265,622 507688,102

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum. Staðfestar voru úrbætur vegna fjögurra frávíka er fram komu í eftirliti 5. júní 2020, eitt frávik helst opið.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Starfshættir og umhverfismarkmið (gr. 2.1)
3. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
4. Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.4)
5. Daglegur frágangur urðunarreina (gr. 3.10)
6. Niðurstöður eftirlita 2020
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
8. Önnur mál

Fram kom í eftirlitinu að mikið hefði áunnist í starfsemi urðunarstaðarins frá áramótum. Verkferlar við móttöku úrgangs hafa verið skýrðir. Hlið er læst utan opnunartíma urðunarstaðarins og verkferlar bættir við frágang urðunarreina m.a. til að koma í veg fyrir fok úrgangsefna. Urðunarstaðurinn er snyrtilegur og skipulagður og frágangur í samræmi við ákvæði starfsleyfisins.

Í eftirliti 5. júní 2020 komu fram fimm frávik frá starfsleyfi urðunarstaðarins er varða urðun hjólbarða og brotajárns, umgengni á urðunarstaðnum, daglegan frágang og skil á skráningum. Rekstraraðili sendi inn til Umhverfisstofnunar áætlun um úrbætur 27. október 2020. Í eftirliti nú voru staðfestar úrbætur vegna fjögurra frávíka er varða urðun hjólbarða og brotajárns, umgengni og daglegan frágang. Frávik er varðar skil á skráningum, sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi helst opið þar sem skil á skráningum teljast ekki fullnægjandi. Enn vantar skráningar sbr. tl. 2-5 og 9-13 í gr. 4.1 í starfsleyfi.

Farið var yfir áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki A og fær því tvö eftirlit í ár. Nýtt áhættumat er unnið samhliða eftirlitum ársins.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 21. og 22. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 2-5 og 9-13 í gr. 4.1, hafa ekki borist eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.09.2021



Sigríður Magnúsdóttir

